

**FFR**

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykavík

Akranesi 19. október 2012

**Efni: Umsögn Félags forstöðumanna ríkisstofnana um tillögu til þingsályktunar um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar, 119. mál.**

Vísað er til erindis frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis dags. 19. október 2012 þar sem óskað er eftir að Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) veiti umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar, 119. mál.

FFR fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar enda hefur umræðan á Íslandi undanfarin misseri um skipanir í lykilembætti hjá ríkinu stundum verið skaðleg og einkennst af tortryggni og vantrausti. Því er aðgerða þörf til úrbóta m.a. til að efla traust almennings á ferli ráðninga í opinber embætti og til að tryggja sem best að hæfileikafólk fái til starfa hjá hinu opinbera.

FFR vekur athygli Alþingis á því að í mars 2011 skipaði fjármálaráðherra starfshóp til að fjalla um stöðu, starfsskilyrði og kjör forstöðumanna. Hópurinn skilaði tillögum sínum til fjármálaráðherra í apríl 2012 og fjalla niðurstöðurnar m.a. um æskilegar breytingar á fyrirkomulagi ráðninga. Hægt er að lesa tillögurnar í heild sinni á þessari slóð: [http://www.fjarmalaraduneyti.is/almennar\\_frettir/nr/15542](http://www.fjarmalaraduneyti.is/almennar_frettir/nr/15542)

Varðandi fyrirkomulag ráðninga þá lagði starfshópurinn fram eftirfarandi megingtillögur:

*„Starfshópurinn leggur til að stofnuð verði með lögum sjálfstæð eining innan stjórnvæðis sem sinni allri framkvæmd og utanumhaldi um fyrirkomulag ráðninga, launaákvæðanir, frammistöðumat, starfsþróun, hreyfanleika og starfslok forstöðumanna. Í stað níverandi fyrirkomulags þar sem þessum viðfangsefnum er ýmist dreift á margar hendur eða ekki sinnt þar sem ekki eru fyrir hendi forsendur til að sinna þeim.*

*Hin miðlæga stjórnendaeining skilgreini, varðandi hvern stjórnunarþátt fyrir sig, hvaða hæfnisþættir koma til álita. Ráðuneyti og viðkomandi stofnun velja svo þá*

*hæfnisþætti sem eiga við starf forstöðumanns tiltekinnar stofnunar. Þannig hefur hvert starf sitt „hæfniskort“. Sett yrði hámark og lágmark hæfnisþátta fyrir hvern stjórnunarþátt fyrir sig, sem má velja úr fyrir hvert hæfniskort, sem aftur tæki mið af stærð og tegund stofnunar.*

*Hin miðlæga eining haldi utan um og sjái um framkvæmd ráðningar, allt frá því að ákvörðun er tekin um að auglýsa þar til ráðning er afstaðin. Einingin ákveður ekki hver skuli ráðinn, það gerir ráðherra, en hún stjórnar öllum öðrum þáttum ráðningarferilsins. Hún ákveður, í samráði við ráðuneytið, hvaða þætti leggja skuli áherslu á í auglýsingu starfsins, hvaða matsaðferðum skuli beitt gagnvart umsækjendum o.s.frv.*

*Lagt er til að horfið verði frá fortakslausri auglýsingaskyldu og aukin áhersla verði lögð á að efla hreyfanleika forstöðumanna innan rikiskerfisins. Jafnframt er lagt til að felld verði úr gildi sú skylda að upplýsa um nöfn og starfsheiti umsækjenda.*

*Hin miðlæga eining sjái um útfærslu á tímabundnum ráðningum, með möguleika á framlengingu sem ýmist væri takmörkuð við tiltekinn fjölda framlenginga eða það ótiltekið og væri á valdi viðkomandi ráðherra hverju sinni, að fengnu mati hinnar miðlægu einingar.“*

Bestu kveðjur

Magnús Guðmundsson  
formaður Félags forstöðumanna rikisstofnana